

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1967

---

---

7. júní 1967.

113

Nr. 64.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 7. júní 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

12. júní 1967.

Nr. 65.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöld heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 12. júní 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

11. júlí 1967.

Nr. 66.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 11. júlí 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*